


FÉLAGSBLAÐ NÝALSSINNA

Fréttir og félagsmál

Á örugga framfaraleið eru vísindin ekki komin fyrr en þau ná til
guðanna.

Helgi Pjeturss.



Útgefandi: Félag Nýalssinna.
Álfhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765.
Pósthólf 1159, Reykjavík.

Umsjónarmaður:
Ingvar Agnarsson.

Litla-Magellan stjörnuþokan

(Sjá forsíðumynd)

Vetrarbraut okkar er ein af um 20 vetrarbrautum, sem mynda sérstakan hóp nálægra vetrarbrauta, og eru þær fjarlægustu í þessari hvirfingu um þrjár milljónir ljósára frá okkar vetrarbraut. Þar fyrir utan tekur við autt svæði uns nýjar vetrarbrautir taka við, í um átta milljón ljósára fjarlægð, og tilheyra þær öðrum vetrarbrautahvirfingum. Stærsta stjörnuhvirsingin, sem tilheyrir nágrannavetrarbrautum okkar er Andromeduþokan, M-31, auk okkar eigin vetrarbrautar. Tvær nálægustu vetrarbrautirnar eru Litla-Magellanþokan og Stóra-Magellanþokan. Eru þær í um 180.000 ljósára fjarlægð frá okkar vetrarbraut, og sjást berum augum frá suðuthveli jarðar okkar. Þessar vetrarbrautir hafa óreglulega lögum og eru litlar í samanburði við Andromeduþokuna og okkar eigin vetrarbraut, en innihalda þó þúsundir milljóna sólstjarna, hver um sig.

Vegna nálægðar Magellanskýanna, hefur tekist að rannsaka þær öðrum vetrarbrautum betur. Litla-Magellanþokan má heita laus við geimryk, svo að jafnvel er unnt að rannsaka fjarlægari vetrarbrautir þvert í gegnum hana. Magellanþokurnar hafa ýms sömu einkenni og okkar vetrarbraut: Þar eru kúlumyndaðar og opnar stjörnuhvirsingar, stjörnur með breytilegu birtumagni og fleira mætti nefna.

Á forsíðunni sést Litla-Magellan stjörnuþokan. Til vinstri á myndinni sést kúlumyndaða stjörnuhvirsingin nr. 47, sem tilheyrir okkar vetrarbraut og er í stjörnumerkinu Tucanae. Allir hvítu smádeplarnir á myndinni eru sólstjörnur í okkar vetrarbraut.

Heimildir: *Stjärnor och planeter* eftir Günter D. Roth og *Astronomi* eftir Agvald Gjelsvik.

Fréttir af félagsstarfi

Félagsfundur 6. ágúst 1975

Fundur var haldinn í Félagi Nýalssinna þann 6. ágúst 1975 að Álfhólsvegi 121, og hófst hann um kl. 9,30.

Á undan fundinum hafði farið fram afhendingarathöfn hins ágæta hljóðfærис, flygils, sem Pétur Gíslason hefur gefið félagini. Helgi Hallgrímsson, sem flutti hljóðfærið inn frá hljóðfæramiðjunni Geier í Þýskalandi, lék á flygilinn nokkur lög, þar á meðal „Ávængjum söngsins“ eftir Mendelsohn og „Forleik“ eftir Beethoven.

Eftir þetta þakkaði formaður félagsins Pétri Gíslasyni fyrir þessa höfðinglegu gjöf og jafnframt Helga Hallgrímssyni fyrir leik sinn, en hann óskaði féluginu árnaðar og til hamingju með hinn góða grip. Þorsteinn Guðjónsson þakkaði Helga Hallgrímssyni sérstaklega fyrir erindi hans til varnar andlegu frelsi, sem hann hafði flutt í útvarp nokkru áður.

Næst var gengið til fundarstarfa. Formaður bað Steingerði að vera fundarritara, þar sem ritari félagsins væri forfallaður. Helgi Guðlaugsson tók við fundarstjórn og síðan voru lesnar fundargerðir júní- og júlifundanna.

Annað mál á dagskrá var mánaðaryfirlitið, og tók þar fyrstur til máls Þorsteinn Guðjónsson. Taldi hann þann atburð fyrstan, af því sem féluginu viðkemur, að komið væri hljóðfæri, flygill í salinn, eins og allir mættu nú sjá. Af almennum viðburðum nefndi hann það, að framhald hefði orðið á sjónvarpsþáttum um sambandsmálefni — Sjötta skilningarávitið — og minnti á það, að þar hefði séra Sigurður Haukur Guðjónsson vakið sérstaka athygli á ákveðinni sambandsvitneskjú miðilsins Einars á Einarsstöðum. Einar miðill hafði sagt Baldri sveitunga sínum að ekki mundi þurfa að skera hann upp, meðan læknar töldu fullvist að það þyrfti að gera, og kom það líka fram sem Einar sagði. En þessi athugasemd séra Sigurðar hafði þarna þýðingu m. a. vegna

þess að læknirinn á Vífilsstöðum, sem þarna kom einnig fram, hafði talið bata Baldurs eðlilegan og ekki þurfa að standa í neinu sambandi við heimsókn hans til Einars miðils. — Loks las Þorsteinn upp merkilegan draum um endurlíkönun á annarri jörð sem konu í Reykjavík hafði dreymt og ritað upp morguninn eftir.

Ingvar sagði frá því í sambandi við mánaðaryfirlitið, að „fljúgandi diskur“ hefði sést í Bolungarvík, og var heimildarmaður hans nýr félagi okkar sem þar er búsettur, Pétur Hermannsson, og hafði hann haft tal af eða vissi um 6—7 manns sem séð höfðu fyrirbærið.

Atli sagði að þriðja greinin um Nýalsmál eftir Einar Guðmundsson hefði birst í Suðurnesjatiðindum, en á eftir henni hafði komið grein frá nafnlausum, sem ekki vildi hafa þess háttar greinar í blaðinu og hótaði uppsögn.

Kjartan minntist á fund rússneskra og bandarískra geimfara í geimnum, og taldi að of hljótt hefði verið um þann atburð í fréttatráfrásögnum.

Næsta mál á dagskrá var félagsmál. Helgi Guðlaugsson bað formann að taka við fundarstjórn, en tók síðan til máls undir þeim dagskrárlíð, og létt í ljós álit sitt á sambandsfundum félagsins. Kvaðst hann vilja leggja til að kosin yrði fimm manna nefnd til að yfirlíta þá og eftirlíta, og þá einnig væntanlega til þess að taka að sér stjórna þeirra í fjóra mánuði, frá september til desember. Þorsteinn spurði hver framkvæmd hefði orðið á samþykkt júnífundar um það að skipa sérstaka leiðbeinendur á sambandsfundum. Ingvar sagði enga framkvæmd hafa orðið á því.

Þorsteinn sagði að það lægi beinast við að framfylgja samþykkt fyrri félagsfundar, áður en tekið yrði upp nýtt fyrirkomulag. Fundarstjóri, Ingvar Agnarsson bar upp tillögu Þorsteins um að ítreka við stjórnina, að skipaðir yrðu leiðbeinendur, og var sú tillaga samþykkt. Þessu næst bar Ingvar upp tillögu Helga um það að skipa nefnd og var hún samþykkt. Því næst bar hann fram tillögur um menn í nefndina, og komu fram 6 tillögur, en þessi voru kosin: Þorsteinn Guðjónsson, Sigurður Guðmundsson, Sigríður Jónsdóttir, Kjartan Norðahl og loks tillögumaður sjálfur, Helgi Guðlaugsson.

Að lokum gaf Ingvar orðið laust, ef einhver vildi taka til máls, og las Kjartan þá upp stuttan kafla úr Ennýal.

Kolbrún Norðahl lagði til að Pétri Gíslasyni yrði þökkuð hin mikla gjöf og tóku fundarmenn rösklega undir það með lófataki.

Fundi var slitið um klukkan ellefu fimmtán. 23 manns eða fleiri sátu fundinn.

Félagsfundur 3. september 1975

Fundur var haldinn í Félagi Nýalssinna 3. sept. 1975 að Álfhólsvegi 121, og hófst hann kl. 9.15. Formaður, Ingvar Agnarsson, setti fundinn og bað hann Steingerði að vera ritara fundarins en Kjartan Norðdahl fundarstjóra. Kjartan las síðan upp dagskrá fundarins og nöfn nýrra félagsmanna. Í því sambandi bar Kjartan fram fyrirspurn um það, hvort það sem samþykkt hefur verið um að krefja nýja félagsmenn um gjald um leið og þeir ganga í félagið væri réttmætt. Taldi Kjartan geta leikið vafa á að slíkt væri í samræmi við lög félagsins, þar sem í lögunum væru skýr ákvæði um hvernig inntaka félagsmanna færí fram. Um þetta var rætt nokkra stund en niðurstaðan varð sú að hið nýja fyrirkomulag var talið hentugt, en lagagildið látið liggja milli hluta. Eftir þetta voru nöfn hinna sex umsækjenda endurlesin og síðan voru þeir samþykktir í félagið með handauppréttingu.

Pessu næst bað fundarstjóri Þorstein Guðjónsson að hefja umræður um atburði mánaðarins, en hann gerði það með því að segja frá Akureyrarferð Nýalssinna 29.—31. ágúst, sem gerð var að frumkvæði félagsmanna við Eyjafjörð. Taldi ræðumaður þessa ferð mjög vel heppnaða og sérstaklega ánægjulegt hve vel félagsmenn að sunnan fjölmenntu til fundarins og sýndu þannig stuðning sinn. Ingvar hafði orð á því, að tilkynnt hefði verið á vegum félagsins ferð austur í Laugardal til að skoða landið. Kom þá í ljós að tveir eða þrír höfðu farið en ekki fundist, og hefði því landið verið skoðað að nokkru þennan dag. Kristín Sigurðardóttir sagði að vel mætti vera að fleiri hefðu viljað fara en fóru, sagðist sjálf ekki hafa haft ástæðu til þess þennan dag.

Atli sagði frá því að grein hefði verið um Lífgeisla í Tímanum og jafnframt nokkuð sagt frá kenningum Nýals.

Minnst var á myndatöku sem farið hafði fram á miðilsfundi hjá Nýalssinnum, en stutt atriði úr henni hafði verið fellt inn í þjóðlífsvíkmynd eftir Magnús Jónsson. Spurt var um hlutdeild félagsstjórnar í þessari myndatöku. Pað mál varð ekki útrætt.

Pétur Gíslason tók til máls og sagði að aðalatriði í þessum málum væri stefna Helga Pjeturss. Pað var stefna Helga Pjeturss að biðja menn að líta á þessi undirstöðuatriði sem hann hafði

fundið. Frá því er sagt í Framnýal, að kaþólskur prestur hafði reynt að kynna sér málefni sálarrannsóknamanna, en engan botn getað fengið í þau. Það er stefna Nýals að taka vísindalega á þessum efnum. En í stað þess að halda fram þeirri stefnu, er hér á fundunum verið að eyða tímanum í stagl um formsatriði og félagsmál eða í sama sem ekki neitt.

Helgi Guðlaugsson tók nú til máls og sagði frá störfum nefndar sem átti: a) að athuga miðilsfundi félagsins, b) að gera tillögur um breytingar á miðilsfundum félagsins, c) að taka að sér stjórn hinna breyttu funda. Helgi sagði samstarf í nefndinni hafa verið með ágætum og fullt samþykki um niðurstöður. Síðan las hann upp tillögur nefndarinnar í þrem liðum, og var aðalefni þeirra að taka upp föstudagsfundi handa félagsmönnum einum, undir stjórn nefndarinnar, en að aðrir sambandsfundir félagsins skyldu látnir afskiptalausir.

Pétur Gíslason sagði, að þekkingin ætti að sameina okkur og alla menn á jörðinni. Í sambandi við þessa fyrirhuguðu fundi, þá eiga menn að koma til þeirra með þeim hug að vera samstilltir á fundunum, og ef það tekst þá hafa vísindin gagn af því, og ef það mistekst þá hafa vísindin einnig gagn af því.

Kjartan fundarstjóri bað nú Ingvar að taka við fundarstjórn af því að hann ætlaði að tala um hina fyrirhuguðu föstudagsfundi nefndarinnar, hinn fyrsta þ. 12. sept. Hann kvaðst hafa verið að búa út spólur til að spila á þeim fundi, á þeim spólum væri sumt sem enginn vissi enn hvað væri. Kristín Sigurðardóttir spurði hvort ekki ætti að óska eftir því, að fólk mætti kl. 8,30 til þess að kyrrð yrði komin á kl. 9. Kjartan tók þessu líklega en sagði, að bréf yrði sent út og kæmi þetta þar fram.

Pjetur Gíslason bar fundinum kveðju frá Önnu Pjeturss.

Ingvar las upp merkilega sögu af reynslu sinni og konu sinnar norður í Árneshreppi í Strandasýslu árið 1937. Höfðu þau verið á gangi á fáfarinni leið uppi á fjalli, og sjá þau þar þá allmargt fólk í nánd við sig, konur með skýluklúta eða skuplur um höfuðið og annað búnað eftir líkri tísku. Giskuðu þau á að þetta fólk væri þarna á berjamó, en eftir á þegar þau fóru að leiða hugann betur að þessu varð þeim ljóst að þarna var ekkert berjaland.

Pegar hér var komið fundinum var klukkan orðin um 11 og baðst nú fundarstjóri undan störfum þar sem hann þurfti að fara, Ingvar tók nú aftur við fundarstjórn og sagðist eiga eins atriðis ógetið. Svo væri mál með vexti að Ólafur Halldórsson líffræð-

ingur hefði samið stutta bók um ýmis aðalatriði kenningar Nýals. Bað hann nú fundarmenn láta í ljós afstöðu sína til þess, hvort bókin skyldi gefin út á vegum félagsins. Fundarmenn voru einróma meðmæltir því að bókin yrði gefin út, og komu þegar fram nokkur loforð um fjárstuðning eða lán til útgáfunnar. Þessir lofuðu framlögum: Sigurður F. Ólafsson, Sveinn Haraldsson, Pétur Hermannsson, Margrét Jóhannsdóttir, Pétur Gíslason, Pétur Ólafsson og Ingvar Agnarsson.

Fleiri mál voru ekki tekin fyrir. Fundi var slitið kl .23,30. Fundinn sóttu 21 manns.

Félagsfundur 1. október 1975

Þann 1. október 1975, var haldinn félagsfundur í Félagi Nýals-sinna að Álfhólsvegi 121. Fundurinn hófst kl. 21.

Ingvar Agnarsson form. félagsins setti fundinn og skipaði fundarstjóra Kjartan Norðdahl.

Lesin upp fundargerð síðasta fundar og samþykkt samhljóða eftir nokkrar breytingar.

Erindi um minnisverð atriði mánaðarins. Einna athyglisverðast taldi ræðumaður sem var Þorsteinn Guðjónsson, grein Árna Óla í Lesbók Morgunblaðsins, sem fjallaði meðal annars um lífsamband milli hnatta og frumkvæði dr. Helga Pjeturss um túlkun og skýringu á því máli. Þá minntist Þorsteinn á undanfarna miðils-fundi þar sem komið hefur í ljós að allmargir fundarmanna hefðu fundið nokkurn kraft, en þó misjafnt.

Næstur tók til máls Sigurður Ólafsson og talaði um skrif þar sem minnst hefði verið á, að framlíðnir kæmu fram á öðrum hnöttum.

Félagsmál: Helgi Guðlaugsson hafði framsögu um frásögn af svokölluðum föstudagsfundum, þar hefðu verið gerðar tilraunir, sem þó ekki tókust í þessi tvö skipti. Hann taldi að fundirnir hefðu verið vel söttir og þeir yfirleitt þótt takast vel. Því næst lagði Helgi nokkrar spurningar fyrir fundarmenn um tilhögun þessara funda og framkvæmd og óskaði umræðna og tillagna um þetta efni.

Sigurður Ólafsson taldi rétt og sjálfsagt að halda þessu áfram og þar hefði ríkt góður andi.

Ingvar spurðist fyrir um hina umræddu fundi, sem hann hefði

ekki átt kost að sækja og bað Helga að segja frá hverjir hefðu aðallega komið í gegn.

Helgi kvað Æsi hafa verið all áberandi á fundunum. Þá ræddi hann nokkuð um fyrirkomulag mánudagsfundanna með tilliti til ófélagsbundinna fundarmanna.

Hulda Valdimarsdóttir spurði hvers vegna minni áhersla hefði verið lögð á ástvinasambond en önnur.

Helgi Guðlaugsson svaraði: Við leitum vitsambanda og fræðslu frá þeim sem lengra eru komnir á þroskabraud.

Atli: Minn skilningur á þessu er að okkur sé mikils virði að njóta orku í sem mestum mæli.

Pétur Gíslason: Eins konar tillaga, sem þó ekki var borin undir atkvæði hljóðar svo: „Orð Helga Pjeturss, séu æðsta vald í mál-efnum félagsins.“ Og enn segir Pétur: „Einnig ætti að færa mál-efnið út til almennra nota, meira en nú. Ekki á að viðhafa mælgi eða lesa eitt eða annað í upphafi miðilsfunda, heldur hafa þögn. Menn ættu að leggja áherslu á að komast á stig þekkingarinnar.

Draumar Kristínar Guðmundsdóttur, lesið af Þorsteini Guð-jónssyni. Nokkrar umræður urðu um þetta erindi og ýmis önnur skyld efni og tóku margir til máls.

Önnur mál: Atli tók undir ræðu Péturs og taldi mikilvægt að menn lifðu og störfuðu í náttúrufræðilegum anda.

Ingvar skýrði frá samþykkt á stjórnarfundi um félagsfundi og áréttæði að einn fundur um heimspekileg efni yrði haldinn einu sinni í mánuði. Einnig minntist hann á stjörnusambandsstöðvar-málið. Þá leitaði hann undirtekta til styrktar útgáfu bókar Ólafs Halldórssonar.

Fundarstjóri Kjartan Norðahl tók til máls og taldi að hressa þyrti upp á félagsfundina og gera þá athyglisverðari, fjölbreyttari og skemmtilegri. Út af þessu spunnust nokkrar umræður.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið kl .23,15.

Félagsfundur 5. nóvember 1975

Pann 5. nóvember 1975 var haldinn félagsfundur í Félagi Nýalssinna að Álfhólsvegi 121. Fundurinn hófst kl. 21, mættir voru 17 menn.

Form. félagsins Ingvar Agnarsson setti fundinn og skipaði fund-arstjóra Gunnar Grímsson.

Lesin upp fundargerð síðasta félagsfundar og samþykkt samhljóða er breytt hafði verið tveimur mannanöfnum.

Þorsteinn Guðjónsson flutti erindi. Las upp draum vestur ísl. konu, ræddi síðan minnisverð atriði mánaðarins svo sem slysa-faraldur þann sem nú gengur yfir og hugsanlegt samband á milli þeirra atburða og þess sem miður fer á þessari jörð um þessar mundir.

Fundarstjóri tók til móls og taldi vafasamt að tengja þetta saman þar sem slys virtust vera árstíðabundin.

Pétur Gíslason tók til móls og taldi að einnig mætti telja til atburða mánaðarins úrsögn tveggja mætra félaga, sem lengi hefðu starfað að málefnum Nýalssinna og einnig útkomu bóka félags-ins. Fleiri tóku til móls um þetta efni.

Helgi Guðlaugsson kvaddi sér hljóðs og ræddi um föstudagsfundina, taldi hann fundarsókn hafa verið lélega og farið hrakandi, taldi samt ófært að leggja árar í bát. Starfsemi Nýalssinna væri svo mikilvæg að þörf væri á skilningi og þolinmæði ef takast ætti að ná árangri. Um mánudagsfundina taldi hann öðru máli gegna því þeir væru öðrum þræði ætlaðir til kynningar og öflunar félaga. Helgi lauk máli sínu með því að beina til fundarmanna þeirri spurningu hvort þeim sýndist heillavænlegra að færa föstudagsfundina yfir á fimmtudaga.

Fundarstjóri spurði Helga hvort honum hefði fundist að náðst hefði betri árangur á föstudagsfundunum eða mánudagsfundunum. Helgi kvað varla komna reynslu á þetta.

Pétur Gíslason tók til móls og taldi að leggja ætti meiri áherslu á ástvinasambönd og einnig bæri að skrifa eða taka upp á segul-band, það sem gerðist á fundunum.

Ingvar Agnarsson skýrði frá því að Þorbjörn Ásgeirsson á Akureyri hefði í huga að stofna deild eða svæðisfélag Nýalssinna þar norður frá og lýsti ánægju sinni yfir því, Pá skýrði hann frá fyrir-huguðum fræðslufundi Nýalssinna í Norræna húsinu 13. nóv. n.k. og kvatti menntil að mæta þar.

Pétur G. tók til móls og ræddi um fyrstu setningu dr. Helga Pjeturss, sem fæli í sér að færa náttúrufræðina út til stjarnanna.

Næstur tók til móls Þórarinn Helgason og ræddi um drauma, sína eigin og nokkurra Sturlunga. Minntist hann ýmissa dæma úr eigin lífi um berdreymi, einnig úr Sturlungu. Nokkrir tóku til móls um drauma og berdreymi. Urðu menn ekki á eitt sáttir hvort sjá mætti fram í tímann eða ekki.

Helgi Guðlaugsson taldi að þroskaðar verur á öðrum hnöttum gætu komið vitneskju til jarðarbúa.

Önnur mál. Pétur Gíslason ræddi um tímaritið Náttúrufræðinginn, og taldi til bóta ef Félag Nýalssinna vildi taka náttúrufræðinga til fyrirmynadar svo og fleiri vísindafélög.

Kjartan Norðdahl og Helgi töldu að oft hefðu vísindamönnum orðið lítið ágengt ef þeir hefðu ekki verið studdir af fjöldanum og jafnvel knúðir til dáða.

Klukkan var nú um 23, og fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið.

M Y R —

Spekiorð frá ýmsum tíum

- Samviska mannsins er goðsvar Guðs. — *Byron*.
- Sá, sem hlýðnast samvisku sinni, er öllum landstjórum yfirsterkari. — *R. Lemkin*.
- Ekkert vitni er óttalegra né neinn ákærandi voldugri en samviskan í brjósti voru. — *Sofokles*.
- Vertu trúr æskudraumum þínnum. — *Schiller*
- Pögnin er sannur vinur, sem aldrei bregst — *Konfucius*.
- Upphaf spekinnar er að kunna að þegja. — *Goethe*.
- Ótöluð orð vinna engum mein. — *Kossuth* (1802—1894, ungversk frelsishetja).
- Örlagastjarna þín er í eigin brjósti. — *Schiller*.
- Öfundin er tilfinning eigin vanmáttar. — *Ph. Charles*.
- Réttilega útskýrð er heimspekin ekkert annað en ást á sannleikanum. — *Cicero*.

Ýmsir atburðir

Atburðir í ágúst 1975

Af atburðum ágústmánaðar ætla ég aðeins að minnast á einn, en það var för Nýalssinna norður á Akureyri, sem farin var til að halda þar opinberan fund um málefni Nýals. Hinn opinberi fundur var haldinn í Hótel Varðborg þann 30. ágúst og hófst kl. 3,30 með því að Porphjörn Ásgeirsson setti fundinn, en bað síðan Gunnar Grímsson að taka að sér fundarstjórn, og gerði hann það. Ræður fluttu: Ingvar Agnarsson, Ólafur Halldórsson og undirritaður. Gunnar hvatti til umræðna og urðu þær töluverðar og fóru vel fram. Um kvöldið var haldinn sambandsfundur í sal á annarri hæð og mun hann hafa tekist vel að álti flestra eða allra sem sátu hann. Miðlar komust í samband og töluðu skörulega. Svipurinn á samkomunni var geðþekkur. — Morguninn eftir, sem var sunnudagur, var efnt til annars sambandsfundar á vegum spíritista á Akureyri, og fóru þangað allmargir Nýalssinnar, en þar sem ég sat ekki þann fund ræði ég það ekki frekar.

Þorsteinn Guðjónsson.

Atburðir í september 1975

Af atburðum septembermánaðar er þess fyrst að geta, að haft var í hádegisfréttum þ. 27. september eftir frönskum mannfræðingi, Mathieu að nafni, að Norrænir menn hafi sight upp La Plata fljót í Suður-Ameríku á tíundu öld og numið land þar sem nú er Paraguay. Ég lít á þessa frásögn hins franska mannfræðings sem tilraun til stuðnings við norrænan málstað — stuðning sem vitanlega kemur þó til af því einu, að hann telur þetta sögulega rétt. En sé svo, þá mætti ætla að þetta landnám væri framhald af ferðum norrænna manna til Azoreyja, sem fyrir löngu var vitað um.

Af sambandsviðburðum er naumast margt að segja af almennum vettvangi, því að heldur hefur verið dimmt yfir jörðu vorri þennan mánuð og ýmsar blikur á lofti.

Í innanlandsmálum virðast mér eins og ríkjandi sé þróttleysi og áhrifaleysi. Íslenskur ráðherra talar yfir tóumum bekkjum í New York, en áður hlustuðu allir á hann. Slíkt er greinilegur vottur um krafthvarf og afmagnan. Þegar Gunnar Thoroddsen og Valgarð Thoroddsen opnuðu Austurlandsvirkjun virtust mér ræður þeirra einkennilega braððaufar og hætt við mismælum, en slíkt er merki vanmagnanar.

Næsta athyglisvert má það þykja, að í prestkosningum sem fram fóru í Nessókn í Reykjavík 22. sept. vann sá frambjóðandinn sigur, sem talinn var mótfallinn sálarannsóknastefnu en meðmæltur „rétttrúnaði“ sem svo er nefndur. Þetta þykir mér benda til þess að þeir magnist nú meir, sem ólíklegrí eru til að verða hliðhollir stefnu Nýals, og er það eitt af mörgum dænum um ískygglega þróun, og sambönd við hnerti þar sem trúarbrögð eru í sókn á kostnað þekkingar og andlegs sjálfstæðis.

Prátt fyrir allt sem öndvert er má sjá, að enn er reynt að leita í horfið. Ýmsir hafa skrifað um málefni Nýals, eða minnst á Helga Pjeturss. Rósá B. Blöndal skáldkona deildi á fóstureyðingar í útvarpinu þann 30. sept. og minntist í því sambandi á jarðfræðinginn Helga Pjeturss, og tók sér ýmis orð hans í munn, en að vísu var á undan þessu farinn hjá henni mjög andnorrænn áróður varðandi trúarbrögð, sem hættulegur gæti verið, því að þar er stefnt að því að svista þjóðina þeim samböndum sem nauðsynleg eru, ef komist á að verða á framfaraleið. Væri óskandi að kona þessi stillti betur orðum sínum, næst þegar hún tekur til máls.

Árni Óla skrifaði merka og góða grein í Lesbók Morgunblaðsins 28. sept. um kenningu Nýals og leit geimferðamanna að lífi í sólhverfinu. Hann segir að Bandaríkjumenn nefni lífleitar-geimflaug sína Víking til minningar um hina fornu norrænu brautryðjendur.

Komin er út í Bandaríkjunum bók um lífgeislamyndir, með ritgerðum eftir ýmsa Bandaríkjumenn og Rússa og margar myndir með. Enginn vafi er á því að það er lífgeislun, hin sama og Helgi Pjeturss fann, sem ljósmynduð hefur verið, og þurfa Nýalssinnar ekki að óttast andmæli, ef þeir segja, að þessi íslenska frumhugsun hefir nú hlutið fulla staðfestingu. Lífgeislun er staðreynd, og samband lífsins í alheimi er staðreynd og draumsambönd okkar hér á jörð við aðrar jarðstjörnur eru hin áþreifanlegasta staðreynd.

Af því sem gerst hefur innan félags okkar má nefna það að haldnir hafa verið sambandsfundir hér í stöðinni með allmikilli

þátttöku, bæði hinir reglulegu eða hefðbundnu mánudagsfundir og svo hinir skipulögðu föstudagsfundir nefndarinnar. Taldi ég 17 og 19 þátttakendur á tveimur síðstu mánudagsfundum en 26 og 29 á nefndarfundum, og bendir þetta til þess að menn séu síður en svo af baki dottnir um að stunda þessar tilraunir.

Á einum mánudagsfundinum gerði ég þá tilraun að spyrja hvernir hefðu fundið kraft. Pað kom í ljós að nærrí allir höfðu orðið hans varir, en það var dálítið misjafnt hvort þeim fannst hann hafa verið í meira eða minna lagi. Óskandi væri að allir undantekningarálaust, gætu magnast til lífs og starfa á fundum okkar, og ekkert yrði þar til að skyggja á, enda mundi þá fljóttlega sjást árangurinn.

Þorsteinn Guðjónsson.

Atburðir í október 1975

Af atburðum októbermánaðar, sem snertu félag okkar er mér það minnisstæðast, að um miðjan mánuðinn hélt Ævar Jóhannesson erindi með myndum um Kirlian-myndatæknina, í húsi félagsins að Álfhólsvagi 121, en Ævar er brautryðjandi á þessu sviði, og jafnvel á Vesturlöndum öllum. Um líkt leyti og Thelma Moss hin Bandaríkska lagði leið sína til Sovétríkjanna að afla sér upplýsinga um þessa myndatækni og hugmyndir manna um það sem hún sýnir, enduruppgötvaði Ævar þessa tækni að mestu á eigin spýtur, og eru fyrstu myndir hans ekki miklu síðar til orðnar en þær sem Thelma Moss kom til leiðar að teknar yrðu þar. En þar sem þessari myndatækni hefur síðan fleygt fram í Bandaríkjunum og er að verða að nokkurs konar heimshreyfingu, fékk Ævar enga uppörvun til slíks hér heima, og er hann þó viðurkenndur tækni- og uppfindingamaður. Ég tel að tregðan hér heima fyrir til að veita verðuga athygli stórvíðburðum af þessu tagi, stafi af lágum sjónarmiðum og andlegu kjarkleysi háttsettra manna. Ég átti tal við prófessor, sem er góður málkunningi minn, um það leyti sem þetta var að koma fram, og var þverúð hans gegn þessu fyrirbæri svo mögnuð að undrum sætti. Ætla ég ekki að rekja það neitt nánar hér, en hitt er meira um vert, að íslenskur uppfindingamaður hefur orðið með hinum fyrstu á Vesturlöndum til að framkvæma það sem staðfestir óumdeilanlega hina íslensku kenningu um lífgeislun. *Lífgeislunin er staðfest*, og hún er nú að verða eitt aðalviðfangsefni fyrirburðafræðinga og annarra líffræðinga um alla

jörð. Af þessum sökum eru fundir Nýalssinna um þetta mál þýðingarmiklir, hvort sem þeir eru fjölsóttir eða fásóttir. En aðsókn að þessum fundi var nokkuð góð eða yfir 40 manns.

Af öðrum atburðum októbermánaðar varð mönnum á fundi Nýalssinna í byrjun nóvember tildræddast um hin miklu slys, en einnig um erlenda atburði, og beindist þá athyglir að deilum þeim, sem þá dró til milli Spánverja og Marókkómannna, en síðan mun hafa hjaðnað að mestu.

Nýtt hefti kom út af Lífgeislum, nr. 3, með greinum eftir ýmsa höfundu, frásögnum af draumum, sambandsfundum o. fl. allt hið læsilegasta efni.

Fréttir bárust frá Bandaríkjunum í októbermánuði um furðulega hreyfingu sem komin er upp í því landi, eða atburðaröð, en það er á þá leið að menn eru taldir hafa horfið burt frá jörðinni í fljúgandi diskum *til annarra stjarna til að lífa betra lífi þar*. Mjög erfitt er að átta sig á því hvað þarna er að gerast, vegna þeirra hleypidóma, sem fregnir af slíku eiga að mæta, en svo er að sjá að þarna í vesturfylkjum Bandaríkjanna séu miklir fyrirburðir af þessu tagi að gerast. En svo var farið að tala um að *skrá fólk til ferðar* með þessum tækjum, og höfðu verið haldnir nokkrir fundir í ýmsum borgum til þess að gefa fólk kost á að skrá sig. En annað eins og þetta býr í þokunni þar vestra, og ýmis tiltæki misjöfn á ferðinni. Það er þó of snemmt að fullyrða að þarna sé annað á ferðinni en það sem talsmenn þessarar hreyfinga hafa sagt vera, og víst er það athyglisvert að talað er um að fara til annarra hnatta með diskunum, en ekki yfir í andaheim eins og mörgum þar mun vera tamara að hugsa sér. Og víst er um það, að andstaðan gegn þessum fyrirbærum stafar ekki af því menn séu of vitrir eða þeir skilji rétt það sem um er að ræða. Aðeins er hætta á að þar sem stefna atburða yfirleitt er á hinn verri veg, dragi einnig slíkir atburðir sem þessir dám af því — meðan ekki er komið á skilningsstig.

Þorsteinn Guðjónsson.

Atburðir í nóvember 1975

Af atburðum nóvembermánaðar höfðu í fyrstunni mest áhrif á mig fréttirnar af hinum ægilega slyssafaraldri sem þá gekk yfir. Það er fróðlegt að veita því athygli hvernig þessi faraldur hófst og þróaðist. Á fyrri hluta ársins höfðu slys verið í færra lagi, en

þegar kom fram í ágúst fóru slysin að verða, fyrst eitt og eitt á stangli, en síðan fór þeim jafnt og þétt fjölgandi, uns að fullkomnum faraldri varð. Það er fráleitt að ímynda sér að haustmyrkrið sé hér skýring — nema sem *aukaorsök*. Menn segja ef til vill: slysunum fjölgar alltaf um þetta leytí árs, en þeir gleyma því þá, að þeim hefur aldrei fjölgæð á þann hátt sem gerðist núna. Slysunum fór svo ört fjölgandi, og sífellt hraðar fjölgandi, að engu var líkara en að þarna væri eitthvert mjög reglubundið lögmál að verki. — Loks kom að þeim degi að þrír læknar Borgarsjúkrahússins gengu fyrir dómsmálaráðherra og lýstu áhyggjum sínum, en ráðherra gaf síðan út yfirlýsing og sagði að *hugarfarsbreyting* þyrfti að eiga sér stað. Og þá brá svo við, að undir eins dró verulega úr slysum og hefur haldist síðan (ritað 7. des.). Það er líka vert að hafa í huga að a. m. k. tveir af hinum þrem læknum, sem báru fram þetta mál, munu vera vel kunnugir kenningum Nýals.

Athyglisvert þykir mér einnig það, að eftir að þessari tegund stórslysa létti að nokkru, tóku til, eftir nokkurt hlé, önnur slys, en það voru brunaslysin. Á skömmum tíma tók þessi tegund slysa nokkur mannslíf en aðrir voru mjög hætt komnir, og gerðist þetta á ýmsum stöðum á landinu. *Ferillinn* í þessum atburðum er augljós. Það eru samskonar atburðir sem reka hvern annan, og er þetta mjög hliðstætt við sjóslysin fyrstu mánuði áranna 1973 og 1974. — Peir sem skynsamlegast hafa um þessi mál talað og af mestri þekkingu, tala stundum um „samverkandi orsakir“. En þá er eftir að skýra hvað stefnir orsókunum saman, á þann hátt að leiðir til slysa, og þar er það sem kenning Nýals kemur til sögunnar og á til þá skýringu sem fullgild er, en það er hin röngu og hellstefnukenndu sambönd, sem ráðast að hinu sljóa hugarfari. Enginn þarf að vera svo flijótfær að ímynda sér að kenning Nýals setji hugifar í *staðinn fyrir brotsjóinn* sem ríður yfir skipið sem hlekkist á eða hálkuna á vegi bílsins, heldur er það stefna atburðanna og samverkun þeirra sem fara eftir því aðstreymi sem verður, en það aðstreymi ræðst aftur af því hvaða hugsun eða vanhugsun er mest ráðandi í mannfélaginu.

Það er hlutverk Nýalssinna að gera sér grein fyrir mætti hugsunarinnar og þeirri ábyrgð sem fylgir því að vera hugsandi vera.

Af atburðum sem gerst hafa á vegum Nýalssinna í nóvember-mánuði er þess fyrst að geta, sem kynni að verða minnst með mikilli virðingu síðar meir, en það er að stofnað hefur verið félag Nýalssinna á Akureyri (15. nóv.). Forgöngumaður að stofnun þess

er Þorbjörn Ásgeirsson, Pórunnarstræti 127, Akureyri, en nokkrir er áður góðkunnir Nýalssinnar þar nyrðra eru meðal stofnenda, sem voru 10 alls og þó einum betur þegar síðast fréttist. Pessi atburður er gleðilegur og hljóta allir Nýalssinnar að óska þess að þessi félagsskapur nái að þróast sem best, til heilla fyrir alla þáttakendur og aðra.

Í framhaldi af októberfundinum um lífgeislamyndir efndi Félag Nýalssinna til kynningarfundar um sama efni þann 13. nóv. og var sá fundur haldinn í Norræna húsinu. Ævar Jóhannesson sýndi nýjar myndir sem hann hafði tekið af lífgeislunum, og einnig voru sýndar erlendar myndir. Nokkrir aðrir félagsmenn ræddu um efnið frá ýmsum hliðum og einnig var boðið upp á almennar umræður. Fundurinn var heldur fásóttur, eða rúmlega 30 manns á honum, en engu að síður hefur það framtíðarþýðingu að hafa haldið slíkan fund, á viðurkenndum stað í Reykjavík. Hin margeftirspurða sönnun fyrir aðalatriði Nýals, lífgeisluninni, hefur nú verið borin fram, og henni er ómótmælt. Petta hefur þýðingu fyrir alla þá sem vilja vera virkir í því að halda kenningum Nýals fram. *Sönnunin liggur fyrir.*

Meðal merkilegra atburða í nóvembermánuði vil ég nefna viðtal í sjónvarpi við Jón Jónasson Norðmann á Selnesi á Skaga, fræðimann og „kunnáttumann“ í fornnum stíl. Jón sagði blátt áfram og eðlilega frá fyrirburðum sem hann hefur reynt og séð. Jón minntist á frænku sína Steinunni J. Inge, sem hann langaði til að heimsækja þegar honum var boðið til Ameríku, en augljóst var að þar höfðu sjónvarpsmenn klippt aftan af, og hefði verið gaman að vita hvað það var.

Porsteinn Guðjónsson.

PRENTVILLA LEIÐRÉTT

Í síðasta Félagsblaði Nýalssinna, nr. 48 er prentvilla í grein Porsteins Jónssonar „Tilveran byggist á endurtekningum“ á bls. 80. Þar stendur „i gljúfrum heimsins fellur tímans foss,“ en á að vera „Um gljúfur rúmsins fellur timans foss.“ Petta var tilvitnun í kvæði eftir Sigurð Kristófer Pétursson.

Til félagsmanna

FORSPJALL Á SAMBANDSFUNDI

MÁNUUDAGINN 24. NÓVEMBER 1975

Nokkur orð ætla ég að segja áður en fundur byrjar en sný þó málí mínu einkum til þeirra sem ekki eru í Félagi Nýalssinna en hafa komið hingað til þess að kynnast því sem hér fer fram.

Heimspekkeningum þeim sem stefna Félags Nýalssinna byggist á, geta menn ekki kynnst til neinnar hlítar á nokkrum sambandsfundum. Til þess nægir ekki minna en að lesa vel og vandlega, og oftar en einu sinni, þær bækur sem um þetta efni fjalla og þá fyrst og fremst Nýalsbækur dr. Helga Pjeturss. En nokkrar vitneskju má þó fá um það sem að er stefnt, með þátttöku í svona fundum, ef sæmilega tekst til.

Á fundum eins og þessum leitum við sambanda við mannkyn á öðrum jarðstjörnum. En þó eingöngu þau mannkyn sem okkur eru fullkomnari að öllum góðum eiginleikum, því þaðan er helst hjálpar að vænta. Og því fullkomnari sem þær lífverur eru sem við náum sambandi við, því meiri von er um góðan árangur. En tilgangurinn með sambandsleitinni er sá, í fáum orðum sagt, að reyna að eflast svo og magnast fyrir tilstyrk slíkra sambandsvina, að við getum orðið fær um að vísa mannkyni jarðar okkar af þeim helvegi sem það nú treður og á leið til farsældar og sannra framfara. Hafa skal hugfast að sterkt öfl, einnig á fjarlægum lífstöðvum, hafa átt drjúgan þátt í að koma á og viðhalda því hörmulega ástandi sem löngum hefir ríkt hér á jörðu. Það eru einmitt slík áhrif sem við þurfum að forðast og vinna gegn. Og það gerum við um leið og einlver árangur verður af viðleitni okkar til sambands við hinum máttugu og göfugu lífverur alheimsins.

Nú skulum við gera okkur það vel ljóst að við erum enn á byrjunarstigi í þessum efnunum og að sá árangur sem fram til þessa hefir náðst er með öllu ófullnægjandi. Orsókin er sú hversu lítils fylgis þessi stefna nýtur enn meðal almennings og samtök okkar að sama skapi veikburða. Jafnvel verðum við einnig að viðurkenna

að þeir tiltölulega fáu sem að þessu vinna eru ekki eins samhuga og samtaka og verða þarf. En þetta stendur allt til bóta og á öllum hindrunum verðum við að sigrast, að öðrum kosti mun ekki takast að leiða þetta málefni fram til sigurs.

Pess vegna munum við halda áfram þessu starfi, vonandi með síauknum þrótti og vaxandi árangri, eftir því sem tímar líða. Pess vegna reynum við að fá sem flesta til liðs við okkur með því að kynna þeim málefnið með ýmsu móti, meðal annars með því að bjóða fólk í fundi okkar, bæði umræðufundi og sambandsfundi. Við vonum að sem flestir þeirra er slík boð þiggja fái löngun til þess að vinna með okkur að þessu mikilvæga verkefni og gangi í Félag Nýalssinna, eftir að hafa setið hér nokkra fundi og kynnt sér að einhverju leyti málefnið með lestri bóka.

Eitt meginþilyrði þess að árangur verði af sambandsfundum er að allir þáttakendur séu sem mest samhuga um eðli þess sambands sem leitað er og um tilgang leitarinnar, þannig að hópurinn komist sem allra næst því að verða ein samstillt heild. Þetta munum við hafa hugfast er við nú hefjum fundinn og vonum að hann verði öllum þáttakendum til einhvers gagns og gleði.

H. G.

HVERNIG SKAL VINNA AÐ BÆTTRI SAMSTILLINGU Á SAMBANDSFUNDUM?

Pannig höfum við oft spurt en svör alltaf verið fremur óljós, að flestra dómi. Þó hygg ég að öll vitum við að einhverju leyti það sem vita þarf í þessu efni. Ég mun hér reyna að svara fyrir mig.

Vissulega er málid margbætt og kemur mér fyrst í hug nauðsyn undirstöðuþekkingar í nýölskum fræðum. Par mun þó ekki vera veikasti þátturinn, þó sjálfsagt þyrfti hann að styrkast. En það sem virðist lang mikilvægasta atriðið, eins og nú er málum háttat að hjá okkur Nýalssinnum, er það að hver og einn félagsmaður kappkosti af alhug að rækta með sér góðvild til annarra, ekki aðeins til félaga sinna, heldur til miklu fleiri og sem allra

flestra, en þó fyrst og fremst til þeirra sem með honum starfa að því mikilvæga verkefni að auka og bæta sambandið við æðri lífverur á öðrum jarðstjörnum. Hér ræðir um einn þátt þeirrar heimspeki sem við reynum að byggja starf okkar á, þ. e. um nauðsyn góðvildar og samhuga einbeitingar í öllu starfi. En þekkingarskorti er þó ekki um að kenna hversu illa er ástatt í þeim efnunum, nema þá að litlu leyti. Aðalorsókin er skortur á nægilegum viðnámsþrótti gegn þeirri óheillavænlegu ásókn úr ýmsum áttum sem sífellt leitar á hugann. Hinn nauðsynlega viðnámsþrótt gegn slíku þarf hver einstaklingur að efla með sjálfum sér og engin ástæða til að ætla annað en að það geti tekist fljótlega. Hvað félagsfundí okkar snertir þá er það áreiðanlega brýnasta verkefnið að læra að ræða dagskrárefnин í sátt og samlyndi en jafnframt af fullri hreinskilni. Hver maður verður að gera sér ljóst að grundvallarskilyrði allrar félagsstarfsemi er að virða skoðanir og tillögur annarra, þó svo að hans skoðanir séu ekki þær sömu. Hann hefir leyfi til að gagnrýna og bera fram það sem honum virðist hið réttasta í hverju máli, en þó aldrei öðruvísi en af vinsemd og sanngirni og að hafa ávallt í huga hvað helst megi verða málstaðnum til ávinnings. Og af sjálfu leiðir að þegar málið hefir verið til lykta leitt á löglegan hátt, þá skal hver og einn vinna heilshugar að framkvæmd þess sem samþykkt hefir verið, þó svo hann hafi áður lýst sig andvígán því.

Pað er augljóst mál að meðan svo er ástatt innan félags okkar eins og nú er, þá er ekki að vænta nokkurs verulegs árangurs af sambandsfundastarfinu. Það mun duga skammt þó við tökkumst í hendur og reynum að gleyma ágreiningsefnum rétt í svip þegar á fund er komið (sem reyndar er hæpið að nokkrum takist til hlítar). Við verðum að uppræta meinsemindina sem nú lamar starf okkar, ef við eignum að geta gert okkur vonir um framfarir. Okkur er ljóst mikilvægi þess sem að er stefnt með sambandsfundunum og hversu mjög sambandsvinir okkar leggja sig fram við að gera okkur fær um að leiða þetta málefni fram til sigurs. En jafnframt þurfum við að gera okkur grein fyrir að fjandsamleg öfl hamast þar á móti af miklum krafti, og það eru áhrif slíkra afla sem við þurfum að bægja frá okkur, með því að sigrast á andstillingunni innan eigin vébanda. Pegar það hefir tekist að verulegu leyti má vænta mikilla framfara í starfi Nýalssinna.

H. G.

(Flutt á félagsfundí 3. sept. 1975)

SAMBANDSFUNDASTARFIÐ

Fundir ætlaðir félagsmönnum einum, verða framvegis á fimmtudögum

Á félagsfundi 3. sept. s.l. var ákveðið að efna til sérstakra sambandsfunda á föstudögum fyrir félagsmenn, á tímabilinu sept.—desember 1975. Voru tveir slíkir fundir haldnir í september en fjórir í október. Pátttaka var ágæt á tveim fyrstu fundunum (29 og 26 manns) en dvínaði verulega í október. Varð síðan nokkurt hlé á þessari starfsemi en hófst aftur eftir miðjan nóvember. Jafnframt voru fundirnir færðir yfir á *fimmtudaga* og voru 2 haldnir seinnihluta þess mánaðar (þann 20. og 27.). Lengra er þessu fundahaldi ekki komið er þessar línr eru ritáðar, en í desember er gert ráð fyrir að halda fundi á hverjum fimmtudegi til jóla (þann 4., 11. og 18.), en gera þá hlé á fram yfir áramót. Í janúar verður svo þráðurinn tekinn upp að nýju og fundir haldnir á hverjum fimmtudegi þann mánuð út, nema á nýársdag, (þann 8., 15., 22. og 29.). Líklegt er að svona fundir verði framvegis á hverjum fimmtudegi, nema öðruvísi verði ákveðið af félagsfundi.

Mikil nauðsyn er að félagsmenn gefi fimmtudagsfundunum meiri gaum en þeir hafa gert til þessa. Öllum Nýalssinnum hlýtur að vera ljóst hvers leitað er með sambandsfundunum og hversu mikilvæg sú leit er. Jafnljóst aetti þeim að vera að góð samstillинг fundarmanna er ein meginforsenda þess að nokkur verulegur árangur náið. En hvað er það sem við köllum góða samstillingu á sambandsfundum okkar? Það er að allir sem þátt taka í slíkum tilraunum séu samhuga, — hafi sama skilning á eðli sambandsins og tilgangi sambandsleitarinnar, vænti hins sama, verði ein samhuga og samtaka heild, eða að minnsta kosti reyni að komast sem allra næst því. Liggur það þá ekki í augum uppi að hópur Nýalssinna (þó misjafnir kunni þeir að vera) sé líklegrí til þess að komast nær því að verða slík samhuga heild, heldur en bland-aður hópur Nýalssinna og ýmissa annarra manna með meira og minna andstæðar skoðanir við kenningar Nýals og þessir framandi einstaklingar jafnvel oft á tíðum innbyrðis sundurþykkir. Það væri fásinna að halda öðru fram. Með þessu er þó á engan hátt verið að gera lítið úr þýðingu þess að bjóða utanfélagsfólki á sambandsfundi okkar í kynningarskyni. Petta hefir verið gert árum saman og því verður haldið áfram, þ. e. gestum verður boðið

á mánudagsfundina, eins og áður var sagt. Meira að segja er þörf á að sinna þessum þætti félagsstarfsins enn betur framvegis heldur en verið hefir. En alveg vafalaust ber okkur þó að leggja höfuð-áhersluna á sambandsfundina sem ætlaðir eru félagsmönnum eum, því þaðan er helst árangurs að vænta. En fjölmennir þurfa þeir fundir að verða, því minnast skal þess að margar hendur (og hugir) vinna létt verk. Stór hópur manna er líklegrí til afreka heldur en fámennur, auðvitað að því tilskildu að samstilling hinna mörgu sé ekki lakari en hinna fáu. Allt þarf þetta að haldast í hendur fjölmenni, mikill áhugi og óbifandi hugarfarsleg samstaða. Takist okkur að ná slíkum félagsþroska, sem að vísu er ekki auðvelt en þó gerlegt, mun árangurinn ekki láta á sér standa.

H. G.

ÞÝDING EFTIRVÆNTINGAR Á MIÐILSFUNDUM

Eitt allra mikilvægasta viðfangsefni Nýalssinna er efling miðils-sambanda, því þar er um að ræða bein lífsambond við íbúa annarra hnatta, bæði þá sem nýlega eru farnir héðan af jörð, og ekki síst þá, sem lengra eru komnir að mætti, viti og góðvild, og guðir mega kallast, því þaðan er að vænta þeirrar hjálpar, sem illa stöddu mannkyni jarðar okkar er svo mikil þörf á.

Félag Nýalssinna hefur lengi haldið uppi miðilsfundastarfi, en árangur hefur að vonum verið nokkuð misjafn frá fundi til fundar og frá einu tímaseiði til annars. En í heild mun þó heldur hafa verið um framför að ræða, þótt hægt miði. Takast sumir fundir allvel en aðrir miður. Er naumast annars að vænta, meðan almennur skilningur landsmanna á sambandsmálum er ekki fyrir hendi. Því jafnvel á miðilsfundum, þar sem eingöngu eru samankomnir Nýalssinnar, með tiltölulega einróma álit og þekkingu á sambandseðli lífsins í alheimi, verða utanaðkomandi truflanir frá lífaflsvæði umhverfisins þess valdandi, að æskilegum árangri verður ekki náð. Svo virðist sem sameiginlegar skoðanir fundargesta á Nýalsmálum nægi ekki til mikils árangurs einar sér. Eftirvænting fundargesta hvers miðilsfundar mun einnig vera nauðsynleg forsenda þess, að vel takist.

Virðist mér svo, sem góður árangur sem náðst hefur á sumum miðilsfundum (skýrt og fróðlegt tal og sterk áhrif, sem margir fundargestir verða varir) standi einmitt í nánu sambandi við það, að fleiri eða færri þátttakendur fundarins, hafa komið þangað með ákveðinni eftirvæntingu í huga, hafi fyrirfram vænst þess sérstaklega, að eitthvað merkilegt mundi nú gerast einmitt á þessum ákveðna fundi. Jákvæð stilliáhrif eru það sem hér koma við sögu.

Ég vil geta þess og leggja á það áherslu sem mína skoðun, að ýmsir utanfélagsmenn, ekki síður en fundarvanir sitjarar, hafa maett til miðilsfunda, einmitt með þessu jákvæða og æskilega hugarfari. Virðist mér, að ýmsir þeir miðilsfundir í sambandsstöð okkar, sem best hafa tekist, eigi góðan árangur að þakka stilliáhrifum frá þessum utanfélagsgestum, sem komið hafa á fundi okkar fullir eftirvæntingar þess, að eitthvað fróðlegt eða athyglisvert, mundi koma fram. Jákvæð afstaða þeirra hefur í þessu tilliti bætt upp skort þeirra á réttum undirstöðuskilningi á sambandsmálum. Ýmsir þeirra utanfélagsmanna, sem með jákvæðum huga fóru að sækja miðilsfundi okkar, hafa upp frá því farið að kynna sér þessi mál í alvöru, hafa tekið sér fyrir hendur að lesa rit dr. Helga Pjeturss, sem eru undirstaða skilnings okkar á tilverunni, og hafa síðan gerst virkir meðlimir í félagi okkar.

Um alllangt árabil var sú stefna ofarlega á baugi meðal ýmissa Nýalssinna, að leggja bæri megináhersluna á að treysta innviði félagsins, eftir bestu föngum, efla félagsandann, auka þekkingu hvers meðlims á sambandsmálum o. s. frv. Áltið var, að þetta mundi vera eina færa leiðin til að bæta árangur miðilssambanda, auk þess að skapa sterkan, samstilltan kjarna innan félagsins. Petta er enn í fullu gildi svo langt sem það nær.

Ég álít hins vegar, að því aðeins sé unt að ná verulegum árangri í miðilstilraunum, að Nýalsmál séu kynnt öllum landsmönnum, og að allt sé gert, sem unt er til að fá almenning til fylgis við málstað okkar. — Því stilliáhrif frá hinu almenna lífaflsvæði umhverfisins valda mjög miklu um það, hvernig miðilssambönd takast.

Einangraður hópur Nýalssinna, jafnvel þótt allvel væri samstilltur, getur ekki vænst þess, að ná miklum árangri í sambandstilraunum, ef aflsvæði umhverfisins er okkur of andsnúið. Ég álít því, að eitt allra veigamesta sem gera verður, sé að kynna málefni okkar út á við. Allir landsmenn verða í raun og veru að stuðla að góðum árangri af sambandstilraunum við lengra komna vini á öðr-

um hnöttum. Allir Nýalssinnar geta tekið virkan þátt í þessari kynningu, hvar á landinu sem þeir eiga heima.

Miðilsfundir sem setnir eru af samstilltum Nýalssinnum einum saman, ættu að geta borið mjög góðan árangur, en ég álít einnig að fundir með hæfilegri þáttöku jákvæðra utanfélagsmanna ættu að geta tekist ekki síður, af ástæðum sem lýst er hér að framan, og að þátttaka þeirra muni oft vera forsenda þess að vel megi takast.

Ingvar Agnarsson.

HÆTTUR FRAMUNDAN

Á sambandsfundi 15. des. s.l. kom meðal annarra fram í sambandinu Egill Skallagrímsson, og talaði hann um viðleitni sína og annarra fornmanna í þá átt að verða núlifandi kynslóðum til hjálpar. Kvað hann sér þetta vera mjög ríkt í huga, og bætti því við að meðan sögurnar væru lesnar og menn þekktu til fulls nafn hans og annarra fornmanna, mundu tengslin alreið rofna að fullu, þau sem gera þeim kleift að veita þessa hjálp. Talaði Egill um þjóðir og þjóðerni á þann hátt að þar sé um tilraun til samstillingar að ræða og eru það eftirtektarverð orð.

Spurt var um hættur þær á vegi þjóðarinnar, sem Egill hafði þarna minnst á, og hvort þær væru skammt undan eða hvers eðlis þær vætu. Svaraði hann hinu fyrnrefnda ekki beint, en það sem háskalegast væri framtíð þjóðarinnar taldi hann vera sundrungin í þjóðlífínu, og var á honum að skilja að á slíku væri nú hættan mest, af því sem framundan er.

Mér dettur í hug að sundrungin, sem þessi forfaðir okkar allra sér fyrir, sé eitthvað í sambandi við Landhelgismálið. En lausnin á því máli hygg ég að gæti orðið sú, að landvættir yrðu hér hafðir í sem mestum metum. „Landvættirnir sjá um gæsluna“ stóð í dagblaði einu, og var þar átt við að erlendur togarafloti við landið hefði þynnst mjög, af ýmsum orsökum. En þegar „ýmsar orsakir“ stefna mjög í eina átt, og þannig að tilgang má í því sjá, má vel gera ráð fyrir, að sá kraftur sem stefnir orsökunum saman, sé af yfirmannlegum uppruna.

Porsteinn Guðjónsson.

Lesendabréf

Blóm og æðri tónlist

Gott finnst mér að heyra að brydda skuli á hug um nýja og stærri sambandsstöð. Því varla er að efast um að því stærra rúm sem hægt væri að fylla með viðleitni til sambands við æðri lífheim, því betra.

Eitt langar mig meðal annars að vita. Hefur aldrei verið reynt að halda fund úti fjarri mannabyggðum, þar sem ríki náttúrunnar er sem minnst háð tortímingaröflum mannsins? Í draumi hef ég notið þess unaðar að taka þátt í því að nærast af ilmi blóma og hlusta á tónlist sem barst mér til eyrna. Ekki frá neinum hljóðfærum heldur utan úr rúminu í kristalskærum samhljónum og sjá urmul fugla lúta höfðum í takt við mísíkina.

Guðmundur Guðbjartsson.

Hugboð

I.

Ég var í stofunni á Melum í Melasveit og ætlaði að fara að hátta. Fannst mér þá að maður væri við fótgafl rúmsins eða sófans, hafði ég aldrei orðið þess var áður svo ég myndi. Í huga mér var þetta mjög glöggt, og má ég segja að ég fyndi til skelks að, en því var ekki vant þó mér þætti sem einhver væri inni hjá mér, sem ég ekki sá, sem alloft kom þó fyrir, að mér fannst svo. En svo varð, að í hvert skipti er ég svaf þarna fannst mér þessi maður koma að fótum mér, en nokkrum sinnum svaf ég þarna eftir þetta. Ég segi „þessi maður“ af því að í hugann kom allskýr mynd, þó ég bæri ekki kennsl á hver væri, en taldi hann þó í aett við bónðann á bænum. Svo fór að ég saknaði þess ef ég varð hans ekki var er ég fór að hátta, enda kom hann þá strax eða fljótt að mér fannst. Parna er engar sannanir að fá, en ég vil þó ekki trúa að hugarburður sé — aðeins, þó vera megi að einhverju

leyti. Það er til og kemur víst all oft fyrir að menn fái hugboð um sitthvað, og má þó sýnast að sannast sé á stundum.

Maður ekki löngu láttinn, sagði mér að eitt kvöld að vorlagi fannst honum endilega að hann ætti að fara og gæta að skepnum sínum, en fénaður var í blautri myri, eigi langt frá. Fannst honum þetta engu gegna, en fór þó. Veður var hið besta. Já, hann fór og fann gæðing er systir hans átti á sundi í mógröf — stokkagröf, og hefir þarna sýnilega ekki mátt miklu muna.

Two menn aðra þekki ég, er sögðu mér af sjálfum sér um þetta efni. Var það alveg á sama grunní, en um sauðfé var að ræða — unglömb, sem ekki hefðu bjargast, ef eigi hefði verið að komið.

II.

Grímur Thomsen segir í Búarínum:

„Af því flýtur auðnubrestur
öllum, sem ei trúa vilja,
ósýnilegur oss að gestur
innan vorra situr þilja;
þylur sá ei langan lestur,
en lætur sína meining skilja;
en — ef ekkert á oss bítur,
engill fer, — og lánið þrýtur.“

Ef þetta er rétt hjá okkar góða gamla Grími, — þá er ekki að engu vert að fá hugboð, og að nenna og vilja skilja hvað um er að vera. Hallgrímur Pétursson, strangtrúarmaðurinn segir:

„Peir góðu englar eru oss nær
allar stundir þá biðjum vær“,

og er eigi vafi að skáldum hefir svona nokkuð til hjálpar komið, ósjaldan. En vandinn er að skynja og skilja, hjá þeim og öllum öðrum.

Dr. Helgi Pjeturss segir að gegnum drauma gætu menn fengið samband við framliðna, vini og vandamenn, en þó því aðeins að viðhorf okkar, hérna megin batnaði að mun, og er það eigi ólíklegt. En spurningin er — og vefst það mér í huga, geta ekki hugboð, eða hvað það er nú nefnt, — komið í stað drauma að einhverju leyti að minnsta kosti þá jafnt, þó að skilningur sé tak-

markaður, eins og hjá mér á Melum, sem ég gat um í upphafi. Skilningur á draumum er líka takmarkaður, alltaf, enn sem komið er, en við Nýalssinnar trúum á betri tíma í því efni sem og öðru.

*Guðmundur Þorsteinsson,
Klakastöðum.*

Um sambandsfundi Nýalssinna

Nýlega sat ég sambandsfund hjá Félagi Nýalssinna. Þar var saman kominn hópur karla og kvenna, á annan tug. Umsjónarmaður fundarins var Ingvar Agnarsson. Þessir fundargestir virtust vel samstilltir og allir einhuga um að veita öðrum hjálpt. Áður en fundur hófst, flutti umsjónarmaður hugleiðingu, jók það á samstöðu fundigesta. Mér finnst þessi starfsemi Nýalssinna, mjög til fyrirmynadar. Teldi ég vel fara á því, að sem flestir kynntu sér hana. Veit ég að margir sem þessa fundi sitja koma heim hressir og uppbyggðir. Tala ég þar um af eigin reynslu, og viðræðum við aðra.

*Sigrún Jónsdóttir,
frá Tungufelli.*

M Y R —

Spekiorð frá ýmsum tímum

- Pinn sanni maður ásannast í myrkrinu. — *Moody.*
- Guð létmanninn ganga uppréttan til þess að hann skyldi virða fyrir sér himininn og horfa upp til stjarnanna. — *Ovid.*
- Mikilmenni glatar aldrei einfaldleik barnsins. — *Mencius.*
- Menntun er að kunna að njóta, og menntaður er sá sem lært hefur að gera sér þroskaefni af allri reynslu. — *Þorsteinn Jónsson á Úlfsstöðum.*

Verðskrá yfir Nýala

Verðskrá yfir Nýala dr. Helga Pjeturss. Útgáfan 1955.

NÝALARNIR allir, í skinnbandi, sex bindi, 1918 bls. Kr. 10.000

NÝALL, stakur, í skinnbandi, 515 bls.	Uppseldur
ENNYÁLL, stakur, í skinnbandi, 275 bls.	— 1.500
FRAMNÝALL, stakur, í skinnbandi, 324 bls.	— 2.000
VIÐNÝALL, stakur, í skinnbandi, 146 bls.	— 1.000
SANNÝALL, stakur, í skinnbandi, 250 bls.	— 1.500
PÓNÝALL, stakur, í skinnbandi, 408 bls.	— 2.500

NÝALL, stakur í shirtingsbandi	Uppseldur
ENNYÁLL, stakur í shirtingsbandi	— 1.200
FRAMNÝALL, stakur í shirtingsbandi	— 1.500
VIÐNÝALL, stakur í shirtingsbandi	— 700
SANNÝALL, stakur í shirtingsbandi	— 1.000
PÓNÝALL, stakur í shirtingsbandi	— 2.000

NÝALL, stakur, heftur	— 1.500
ENNYÁLL, stakur, hefur	— 800
FRAMNÝALL, stakur, heftur	— 1.200
VIÐNÝALL, stakur, heftur	— 500
SANNÝALL, stakur, heftur	— 800
PÓNÝALL, stakur, heftur	— 1.500

ENNYÁLL, stakur, heftur, frumútgáfa	— 500
(Um 100 eintök)	

Eins og sést á framangreindum verðlistu eru Nýalarnir enn til í heildum, í *skinnbandi*, en upplagið af þeim er mjög til þurrðar gengið.

Af öðrum Nýolum, stökum, sem nefndir eru í verðskránni, eru af sumum aðeins örfá eintök eftir en af öðrum meira.

Bækurnar eru til sölu hjá:

FÉLAGI NÝALSSINNA,

Álfhólsvegi 121 í Kópavogi, sími 40765.

Skriflegar pantanir má einnig senda í Pósthólf 1159, Reykjavík.

EFNISYFIRLIT

Litla Magellan stjörnuþokan. I.A. (Sjá forsíðumynd) ...	Bls.	94
 FRÉTTIR AF FÉLAGSSTARFI:		
Félagsfundur 6. ágúst 1975	—	95
Afhending flygils P.G. til félagsins. Rætt um sjónvarpsþætti um sjötta skilningarvitið. Rætt um fljúgandi diska. Rætt um leiðbeinanda á miðilsfundum.		
Félagsfundur 3. september 1975	—	97
Rætt um Akureyrarferð Nýalssinna. Rætt um skoðunarferð í Laugardal. Rætt um kvíkmynd sem gerð var á fundi með Nýalsinnum. Rætt um fyrirhugaða fundi á föstudögum. Rætt um huldufólk. Rætt um nýsamda bók Ólafs Halldórssonar.		
Félagsfundur 1. október 1975	—	99
Rætt um föstudags-miðilsfundi. Lesinn draumur Kristínar Guðmundsdóttur.		
Félagsfundur 5. nóvember 1975	—	100
Pórarinn Helgason flutti erindi um drauma.		
 ÝMSIR ATBURÐIR:		
Atburðir í ágúst 1975 P.G.	—	103
Atburðir í september 1975 P.G.	—	103
Atburðir í október 1975 P.G.	—	105
Atburðir í nóvember 1975 P.G.	—	106
 TIL FÉLAGSMANNA:		
Forspjall á sambandsfundi 24. nóv. 1975. H.G.	—	109
Hvernig skal vinna að bættri samstillingu á sambandsfundum H.G.	—	110
Sambandsfundastarfíð. H.G.	—	112
Þýðing eftirvæntingar á miðilsfundum. I.A.	—	113
Hættur framundan. P.G.	—	115
 LESENDABRÉF:		
Blóm og æðri tónlist. G.G.	—	116
Hugboð. G.P.	—	116
Um sambandsfundi Nýalssinna. S.J.	—	118
Verðskrá yfir Nýala dr. Helga Pjeturss	—	119
MYR — Spekiorð frá ýmsum tínum	—	102, 118

Stjörnusambandsstöðin, Álfhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765.
 Almennir félagsfundir eru þar fyrsta miðvikudag hvers mánaðar
 kl. 9 e.h. Umsjónarmaður: Sveinn Haraldsson.